# ÆTTAR-PÓSTURINN

2. ár, 3. tbl
júní 1985

## F R J E T T I R

Einsog altaf var búist við verður þátttaka í ættarmótinu mikil og almenn og er gott til þess að vita.

Eftir síðustu fregnum verða þar 160 - 180 manns og er það ekki svo lítill hópur. - Rjett er að taka fram að skyldi einhvurjum, sem ekki hafa látið í sjer heyra, snúast hugur á síðustu stund þá verður því ekki illa tekið; þeir eru velkomnir.

Undirbúníngur hefur geingið vel enda almennur áhugi á fyrirtækinu. Á baksíðu er að finna dagskrá sem "nefndin" hefur - eftir nákvæma yfirvegun - tekið saman og væntir hún þess að hugmyndirnar falli í góðan jarðveg.

Dagskráin verður kynt nánar í upphafi móts og vera má að einhvurjar breytíngar verði gerðar.
Meginatriði: Fólk hittist og kynnist.

---

ÆP Ritstjórn og vjelritun: Indriði Gíslason (ábm)
Myndefni: Björn Helgason
Ritstjórnarfulltrúi: Ragnheiður Guðnadóttir
Sjerlegur ráðgjafi: Smári Hermannsson

# SKÓGARGERÐI




**ÖRNEFNI Í SKÓGARGERÐISLANDI**

1. Íbúðarhús
2. Bjarnahús
3. Lambhús (tættur)
4. Hóll
5. Hólkinn
6. Kvíahraun
7. Svarðargrafir
8. Kvíaból
9. Stóribotn
10. Litlibotn
11. Gunnarshylur
12. Efstavað
13. Melshorn
14. Bringur
15. Lænur
16. Berjaholtsbakki
17. Laugubakki
18. Sandur
19. Barð
20. Magnúsarkofi
21. Langalæna
22. Svartimór (bakki)
23. Ytribakki
24. Stórihólmi
25. Fremribakki
26. Fit
27. Stórubrekka
28. Hóll
29. Gamlibær (smiðja)
30. Leyningshús
31. Ásbrekka
32. Bæjarásendi
33. Bæjarástúta
34. Stakiklettur
35. Renniklettur
36. Næstibrunnur
37. Bæjarás
38. Há-Bæjarás
39. Efstihjalli
40. Miðhjalli
41. Langihjalli
42. Gömlugötur
Austurhlíðar Bæjaráss heita Hjallar
43. Grafningur
44. Stekkur
45. Horn
46. Hæð
47. Rjúpnaker
48. Brúarkelda
49. Skógargerðisvað
50. Forvaði
51. Markarmýri
52. Bæjarsund
53. Þröskuldur
54. Miðás
55. Miðásklettur
56. Litlihagi
57. Rétt
58. Miðásendi
59. Miðástúta
60. Klaufir
61. Miðsund
62. Tangi
63. Rangarásendi
64. Rangarás
65. Helgaklettur
66. Rangarásklettur
67. Stakahraun (Einstakahraun)
68. Þverlág
69. Vörðuhraun
70. Gonta
71. Flatás
72. Hvítamýri
73. Markahraun
74. Kvísl
75. Hólminn í kvíslinni
76. Rangarásgötur
77. Græfur (Grófir)
78. Lækurinn á Grófunum
79. Svarðargrafalækur
80. Svarðargrafir
81. Stekkablá
82. Litlás
83. Litlássund
84. Einbúi
85. Einbúaflói
86. Einbúasund
87. Torfholt
88. Stórablá
89. Stekkásendi
90. Stekkás
91. Stekkásbotn
92. (Ytra) enni
93. Stapi
94. Holt
95. Tjarnarenni
96. Tjörn
97. Mýrar
98. Hagi
99. Hagafoss
100. Tóttás
101. Beitarhús
102. Stórásendi
103. Stórás
104. Langholt
105. Bótarbláarbakkar
106. Bótarblá
107. Litlás
108. Litlástjörn
109. Stórássund
110. Árkrókur
111. Árkróksfoss
112. Bótaráshæð
113. Bótarás
114. Skot
115. Stórahraun

ÆTTARMÓTÍSKÓGARGERÐI 6.OG 7.JÚLÍ ÆTTARMÓTÍSKÓGARGERÐI

# D A G S K R Á

Laugardagur 6. júlí

Kl. 10.00 Mótið sett.

Kl. 10.30 - 14.00 Skoðunarferðir (gaungutúrar). Fólk ætli sjer tíma til snæðíngs og slökunar fyrir næsta lið.

Kl. 14.00 - 16.00 Útivera: leikir og íþróttir.

Kl. 16.00 - 18.00 Fólk ráðstafar tíma að eigin geðþótta (Þarf kanski að hvíla sig eftir erfiða kepni).

18.00 - 20.30 Grillstemning. - Það skal tekið fram að boðið verður uppá pylsur við grillið en fólk er hvatt til að hafa með sjer hvað sem það vill til að grilla á stóra útigrillinu.

21.00 Kvöldvaka.

Sunnudagur 7. júlí

Kynnisferð um Upphjerað Lagt upp frá Skógargerði kl. 11.00 og ekið sem leið liggur í Hallormsstað. Áð verður í Atlavík - um kl. 12.00 - og borðað nesti sem fólk hefur tekið með sjer. Farið verður út að norðan og komið í Áskirkju í heimleið.

Kl. 18.00 Kvöldverður og skemtun í Valaskjálf þar sem mótinu lýkur seinna um kvöldið (nóttina).